

1869.
12 nóvbr.

sè skylt eptir lát móðurinnar að standa straum af stjúp börnum sínum, eiga Guðmundur og Arnbjörn Arnbjarnarsynir samkvæmt ákvörðuninni í síðasta kafla 6. greinar í reglugjörd 8. janúarmán. 1834 að fá framfærslu, þangað til þeir eru orðnir fullra 16 ára, á Breiðdals hrepp í Suðurmúlasýslu, þar sem faðir þeirra, eptir því sem skýrt er frá, átti framfærslurätt, þegar hann dó.

4. desbr.

87. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna á Íslandi, um styrk handa praktiserandi lækni í Árnessýslu.

Með bræfi dagsettu 8. októbermán. þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður og háæruverðugi herra, sent hingað bænarskjal frá Ólafi Sigvaldasyni, kándídat í læknisfræði, sem ætlar að setjast að á Eyrarbakka kaптúni í Árnessýslu sem praktiserandi læknir, um að honum verði veittur styrkur sá úr íslenzka læknasjóðnum, sem mælt er fyrir um í konungsúrskurði 10. maímán. 1867. Hafið þér lagt fram með, að beiðandanum verði veittur styrkur þessi sem praktiserandi lækni í Árnessýslu fyrst um sinn, frá 1. degi nóvembermán. þ. á. og þangað til að 5 kándídatar í læknisfræði hafa setzt að samkvæmt tæðum konungsúrskurði 10. maímán. 1867 í þeim hëruðum landsins, þar sem ætla má, að meiri þörf sè á læknishjálp en í Árnessýslu, og móti því, að honum sè gjört að skyldu, á meðan hann heldur þessum styrk, að gegna embættisstörfum þeim, er hvíla á hëraðslækninum, að því er greinda sýslu snertir, svo framarlega sem hëraðslæknirinn veitir samþykki sitt til þess, og fyrir borgun þá fyrir slík störf, sem hëraðslækninum ber.

Um þetta skal yður til vitundar gefið, yður til leiðbeiningar og til þess að þér kunngjörið það, að það, sem um er sókt, verður ekki veitt, af því að það er gagnstæðilegt því, sem ætlast var til með framan nefndum konungsúrskurði 10. maímán. 1867.